

205

11. des.

G J A L D S K R Á

fyrir Baðhús Reykjavíkur.

Kerlaug	kr. 9.00
Steypuböð í sérklefa	— 6.00
— í hópklefa	— 5.00
Handklæði	— 5.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, sbr. lög nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

206

11. des.

R E G L U G E R Ð

um breytingu á reglugerð nr. 7 15. janúar 1960, um gjöld fyrir skoðun skipa o. fl.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist þannig:

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartíma, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 50. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. desember 1961.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.